

Selfossi, 23. mars 2023  
2212150

Skrifstofa sjávarútvegs og fiskeldis ,  
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið,  
Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur

### Tillögur Svf. Árborgar um sérreglur vegna byggðakvóta 2022/2023

Sveitarfélagið Árborg hefur það að markmiði að úthlutaður byggðakvóti nýtist til vinnslu í sveitarfélaginu. Jafnframt vill sveitarfélagið auðvelda útgerðum að koma aflanum til vinnslu í sveitarfélaginu með því að heimila vinnslu hans ekki aðeins í þeirri byggð sem byggðakvótinn er tileinkaður, heldur einnig öðrum byggðum innan sveitarfélagsins.

Vinnslur hafa verið á Stokkseyri og Eyrarbakka og flestar mjög smáar. Ekki hefur verið um að ræða vinnslu á Selfossi undanfarin ár. Ef ekki mætti t.d. vinna afla Eyrbekkinga úr byggðakvóta á Stokkseyri þá væri útgerðarmönnum oft og tíðum mun erfiðara að koma afla til vinnslu en nú er. Byggðalögin eru nán frá fornu fari og eiga langa sögu sem sjávarþorp með útgerð.

Útgerðarmenn hafa þrýst á bæjaryfirvöld um að fá heimildir til að landa afla til vinnslu í gegnum fiskmarkað, án kvaðar um vinnslu hans í Sveitarfélaginu Árborg. Fiskverkendur hafa hinsvegar gagnstæð sjónarmið og telja í einhverjum tilfellum að byggðakvótinn sé forsenda fyrir uppbyggingu vinnslunnar sem nú standi yfir.

Það er mat bæjarstjórnar Árborgar að nauðsynlegt sé að heimila löndun afla úr byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélags, en ekki aðeins umræddrar byggðar, til þess að minni hættu sé á að byggðakvótinn falli niður vegna vannýtingar.

Eftirfarandi er eyðublað fyllt út í samræmi við leiðbeiningar ráðuneytisins.

<b>Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023</b>	
<b>Sveitarfélag:</b>	Sveitarfélagið Árborg
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:</b>	Tillagan er gerð í þágu byggðarlaganna Stokkseyrar og Eyrarbakka.
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	Samþykkt í bæjarráði Svf. Árborgar 23. mars 2023. Afrit af fundargerð bæjarráðs frá 23. mars 2023 fylgir.
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Ekki er óskað eftir breytingu á 1. gr.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum</b>	Ekki er óskað eftir breytingu á 1. gr.

(ákvæði 1. gr.)	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Ekki er óskað eftir breytingu á 4. gr.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Ekki er óskað eftir breytingu á 4. gr.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	<p>Sveitarfélagið Árborg hefur það að markmiði að úthlutaður byggðakvóti nýtist til vinnslu í sveitarfélaginu. Jafnframt vill sveitarfélagið auðvelda útgerðum að koma aflanum til vinnslu í sveitarfélaginu með því að heimila vinnslu hans ekki aðeins í þeirri byggð sem byggðakvótinn er tileinkaður, heldur einnig öðrum byggðum innan sveitarfélagsins.</p> <p>Vinnslur hafa verið á Stokkseyri og Eyrarbakka og flestar mjög smáar. Ekki hefur verið um að ræða vinnslu á Selfossi undanfarin ár. Ef ekki mætti t.d. vinna afla Eyrbekkinga úr byggðakvóta á Stokkseyri þá væri útgerðarmönnum oft og tíðum mun erfiðara að koma afla til vinnslu en nú er. Byggðalögin eru náin frá fornu fari og eiga langa sögu sem sjávarþorp með útgerð.</p> <p>Útgerðarmenn hafa þrýst á bæjaryfirvöld um að fá heimildir til að landa afla til vinnslu í gegnum fiskmarkað, án kvaðar um vinnslu hans í Sveitarfélaginu Árborg. Fiskverkendur hafa hinsvegar gagnstæð sjónarmið og telja í einhverjum tilfellum að byggðakvótinn sé forsenda fyrir uppbyggingu vinnslunnar sem nú standi yfir.</p> <p>Það er mat bæjarstjórnar Árborgar að nauðsynlegt sé að heimila löndun afla úr byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélags, en ekki aðeins umræddrar byggðar, til þess að minni hættu sé á að byggðakvótinn falli niður vegna vannýtingar.</p>

Virðingarfyllst,  
f.h. Sveitarfélagsins Árborgar,  
Fjóla S.Kristinsdóttir, bæjarstjóri.